

VIII. KAFLI

Um starfsmenn bæjarins.

38. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim laun, eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum, eða á annan hátt mælt fyrir um sérmál tiltekinna stofnana. Fastir starfsmenn bæjarins teljast þeir einir, sem skipaðir eru í störf skv. 1. mgr. og taka laun samkv. launasamþykkt bæjarins eða launasamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Bæjarstjórn ákveður hvort auglýsa skuli til umsóknar stöðu hjá kaupstaðnum og fyrirtækjum hans, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarstjórn getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöðu hjá bænum, svo og sérskilyrði, sem gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir ekkert af launum sínum við það.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fundarskóp fyrir bæjarstjórn Neskaupstaðar, nr. 20/1956 og samþykkt um stjórn bæjarmála í Neskaupstað, nr. 23/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um að lög nr. 29 27. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Stöðvarhrepps í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Stöðvarhrepps í Suður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.